

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015, íbúðarsvæði, frístundabyggð, iðnaðarsvæði og þéttbýlismörk.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 21. október 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 frá 20. desember 2005.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Landbúnaðarsvæði (A13) í landi Grafar, 5,6 ha, breytist í íbúðarsvæði.
2. Íbúðarsvæði (A9) stækkar lítillega í átt að Reykjabakka.
3. Íbúðarsvæðið Flúðatún (A6) stækkar úr 0,9 ha í 1,5 ha á kostnað opins óbyggðs svæðis og landbúnaðarsvæðis í landi Vinaminnis. Þéttbýlið Flúðir stækkar til suðurs sem nemur breytingunni.
4. Þéttbýlið Flúðir stækkar um 4 ha á kostnað landbúnaðarsvæðis vestan Mela.
5. Iðnaðarsvæði (P5) stækkar um 0,7 ha í 2,7 ha til suðurs á kostnað opins óbyggðs svæðis.
6. Landbúnaðarsvæði (F27) í landi Efra Sels, 4 ha, breytist í frístundasvæði fyrir 5-10 lóðir.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 21. október 2008.*

**Þórunn Sveinbjarnardóttir.**

*Logi Kjartansson.*